

SKÝRSLA UM GLOPPUGREININGU Á ÍSLANDI

The content of this presentation represents the views of the author only and is his/her sole responsibility. The European Commission does not accept any responsibility for use that may be made of the information it contains.



Co-funded by
the European Union



1

Partners

Vaxandi centre for social innovation at the University of Iceland | www.vaxandi.hi.is
(Coordinator)

STIMMULI FOR SOCIAL CHANGE – Greece | www.stimmuli.eu

XWHY – Lithuania | www.xhy.lt

VIVES – Belgium | www.vives.be

KMOP – Greece | www.kmop.gr

Author

Steinunn Hrafnisdóttir, professor and Stefanía G. Kristinsdóttir, project manager. Vaxandi centre for social innovation at the University of Iceland.





Efnisyfirlit

1. Að hanna velferðarkerfi framtíðarinnar - Samfélagsleg nýsköpun og menntun tengd velferðarþjónustu	3
1.1 Inngangur og forsaga	3
1.2 Stuðningsumhverfið	5
1.3 Gloppur	6
2. Dæmisaga um háskólanám – Námskeið um samfélagslega nýsköpun fyrir nemendur í félagsráðgjöf	8
2.1 Inngangur, áskoranir og forsaga	8
2.2 Hugmyndir að lausnum og leiðum	9
2.3 Lokaorð – Lærdómur sem má nýta í þróun verkefnisins	10
3. Dæmi úr opinbera geiranum – Tinna, tækifæri til betra lífs	11
3.1 Inngangur, áskoranir og forsaga	11
3.2 Hugmyndir að lausnum og leiðum	12
3.3 Lokaorð – Lærdómur sem má nýta í þróun verkefnisins	13
4. Dæmi um óhagnaðardrifið samfélagsfyrirtæki – Okkar heimur	14
4.1 Inngangur, áskoranir og forsaga	14
4.2 Hugmyndir að lausnum og leiðum	15
5.1 Gögn	17
5.2 Megin niðurstöður	17
5.2.1 Fyrir hvað stendur samfélagsleg nýsköpun og frumkvöðlastarf	17
5.2.2 Mælikvarðar á árangur	18
5.2.3 Hindranir	18
5.3 Færni og hæfni sem er nauðsynleg í samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi	18
5.3 Lokaorð	19
6. Heimildaskrá	20



1. Að hanna velferðarkerfi framtíðarinnar - Samfélagsleg nýsköpun og menntun tengd velferðarþjónustu

1.1 Inngangur og forsaga

Ekki er minnst á samfélagslega nýsköpun í nýjustu nýsköpunarstefnunni á Íslandi, „Nýsköpunarlandið Ísland“, þó að stefnan setji fram markmið til ársins 2030 (Stjórnarráðið, 2019). Sama gildir um nýsköpunarstefnu Samtaka iðnaðarins þó að þeir komist að þeirri niðurstöðu að nýsköpun almennt geti átt þátt í að leysa alþjóðlegar samfélagslegar áskoranir (Samtök iðnaðarins, 2019, bls. 3). Nokkur sjálfstæð átaksverkefni eru rekin eins og „Snjallræði“, samfélagslegur nýsköpunarhraðall við Háskóla Íslands og „Vaxandi“ – miðstöð samfélagslegrar nýsköpunar við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Eina félagsformið sem gildir um samfélagslegan rekstur eru almenn félög, sjálfseignarstofnanir, samvinnufélög og almannaheillafélag. Félög til almannaheilla og almannaheillaskrá voru lögfest 1. nóvember 2021 sem heimilar óhagnaðardrífna félögum og sjálfseignarstofnunum að skrá sig eða breyta skráningu sinni úr félagi í almannaheillafélag. Samþykkt skráning á Almannaheillaskrá verður til þess að styrktaraðilar, fyrirtæki/stofnanir og einstaklingar, geta nýtt styrktarfjárhæð sem frádrátt á skattstofni (RSK, 2022). Þessar breytingar eiga aðeins við um félög í þriðja geiranum en ná ekki til félaga sem rekin eru í hagnaðarskyni svo sem samvinnufélög eða einkahlutafélög, jafnvel þó þau séu ekki rekin hagnaðarskyni.

KEY STATISTICS				
Estimated number of SE's (2017)		258		
Estimated number of workers in SE's (average 2012-2017)		1589		
Growth of SE's (years)				
	Established	Fragmented	Developing	Nonexistent
Legal framework for SE's	NGOs third sector			Private NGOs
Publicly funded measures for SE's		Focus in existing funds		Not only for NGOs
Training and education	Snjallræði, Social workers, education			
Existence of SE networks			Vaxandi/ Almannaheill	

Samkvæmt landsskýrslu um „Social enterprises and their ecosystems in Europe“ eru hugtökin samfélagslegt framtak, samfélagsleg nýsköpun og samfélagsleg frumkvöðlastarfsemi tiltölulega óþekkt á Íslandi þó að landið eigi sér langa sögu um skipulag sem falli að skilgreiningu ESB á samfélagsfyrirtæki (social enterprise). Þessi samtök eru almenn félög og samvinnufélög og félagasamtök sem hafa gegnt lykilhlutverki við að koma á fót og veita velferðarþjónustu. Engin opinber gögn eru til um samfélagsfyrirtæki á Íslandi þar sem ekki er hægt að skrá fyrirtæki sem samfélagsfyrirtæki. Byggt á skilgreiningu ESB setti Hagstofan saman yfirlit yfir fjölda samfélagsfyrirtækja með launað starfsfólk 2012-2017, þar voru upplýsingar um almenn félög, sjálfseignarstofnanir og samvinnufélög, sjá töflu 1, þar af eru almenn félög algengasta rekstrarformið (Hrafnsdóttir, S. & Kristmundsson, Ó.H. 2019).



Table 1. Number of social enterprises with paid staff (2012-2017)

SE category	2012		2013		2014		2015		2016		2017	
Self-governing foundations	42	16%	45	16%	41	15%	45	16%	39	14%	32	12%
Associations	223	83%	229	82%	229	83%	229	82%	229	84%	221	86%
Cooperatives	5	2%	5	2%	5	2%	5	2%	5	2%	5	2%
Total	270	100%	279	100%	275	100%	279	100%	273	100%	258	100%

Source: National Bureau of Statistics, 2017.

Á síðustu tveimur árum hafa aðrar gerðir samfélags fyrirtækja og frumkvöðla verið að koma fram og mynda einkahlutafélög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni eða samfélagsmiðuð fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni. Þetta má sjá í þátttakendahópi Snjallræðis, fyrsta íslenska samfélagshraðalsins, þar sem flestir þátttakendur stofnuðu einkahlutafélög um hugmyndir sínar, eins og einkahlutafélag um Heimaappið sem er app til að skipta niður ábyrgð á heimilisstörfum sem er rekið í hagnaðarskyni en byggir á samfélagslegum tilgangi. Annað dæmi er „Okkar heimur“ sem er stuðningsúrræði, þjálfun og þjónusta, fyrir börn/ungmenni sem búa hjá foreldrum sem eru að glíma við geðrænar áskoranir, úrræðið er rekið sem einkahlutafélag og sjálfseignarstofnun.

Menntun í samfélagslegri nýsköpun

Samfélagsleg nýsköpunarþjálfun er að mestu skipulögð sem vinnustofur á borð við „Lausnaver“ fyrir samfélagsþenkjandi leiðtoga með það markmið að þróa nýstárlegar lausnir til að styðja við byggðapróun á jaðarsvæðum á borð við Vestfirði. Önnur námskeið leggja áherslu á samfélagslega nýsköpun sem leið til að skapa lausnir tengdar hnattrænum/staðbundnum áskorunum með vísan í Heimsmarkmiðin (Agenda 2030) svo sem „Kveikjan“ sem er valnámskeið sem haldið er annað hvert ár fyrir alla 3. árs nemendur við Háskóla Íslands. Lítið er um skyldunámskeið um samfélagslega nýsköpun í menntakerfinu. Dæmi um slíkt námskeið er námskeiðið „Samvinna og félagsleg nýsköpun“ fyrir 1. árs nemendur í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, þar er lögð áhersla á þjálfun í teymisvinnu, samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi þar sem hópar rannsaka og velja sér samfélagslegar áskoranir í velferðarþjónustu og þróa í kjölfarið leiðir og lausnir til að takast á við þessar áskoranir. Þá má nefna meistaranám í nýsköpun og frumkvöðlafræði á vegum Viðskiptadeildar Háskóla Íslands en það er ekki eingöngu einblínt á samfélagslega nýsköpun. Einurð, sjálfseignarstofnun, leiðir Erasmus+ styrkt verkefni „Social entrepreneurship for youth“ (SE4Y) þar sem hægt er að nálgast kennsluleiðbeiningar og opið menntaefni sem var nýtt í tilraunakennslu, í samvinnu við North Consulting, hjá Hringsjá fræðslusetri voríð 2022 og í kjölfarið var þróuð námskrá fyrir fullorðinsfræðslu á Íslandi.

Fjármögnun á samfélagslegri nýsköpun

Á Íslandi er engin sérstök stefna eða sjóðir sem fjármagna samfélagsleg nýsköpunarverkefni þó að nokkrir sjóðir styðji sérstaklega við nýsköpunarverkefni tengd velferðargeiranum á borð við lýðheilsu, sjálfbærni, menntun og rannsóknir. Á heimasíðu [Rannís](#) má finna ágætis yfirlit yfir sjóði og styrki. Samfélagsfyrirtæki á borð við sjálfseignarstofnanir og félög sem sinna oft mikilvægri velferðarþjónustu reiða sig yfirleitt á þjónustusamninga við ríkið eða aðra opinbera aðila eins og sveitarfélög, sem dæmi um slíka aðila eru endurhæfingarstöðvar, sjúklingafélög, ráðgjafarstofnanir og fræðslumiðstöðvar.



1.2 Stuðningsumhverfið

Starfssvið	Aðilar
Hið opinbera og lykilstofnanir	<ul style="list-style-type: none"> • Háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið • Mennta- og barnamálaráðuneytið • Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið • Opinberar stofnanir tengdar rannsóknum og nýsköpun
Yfirvöld sem móta og vinna að samfélagslegri nýsköpun í velferðarkerfinu, yfirvöld sem móta og framfylgja laga-, skatta- og regluverki	<ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélög, samtök þeirra og velferðarsvið • Vinnuálastofnun • Hagstofa Íslands • Ríkisskattstjóri
Stofnanir og átaksverkefni sem stuðla að menntun og þjálfun samfélagsfyrirtækja og frumkvöðla. Aðilar fylgjast með þróun samfélagsfyrirtækja og meta þarfir þeirra og tækifæri til vaxtar.	<ul style="list-style-type: none"> • Vaxandi – miðstöð um samfélagslega nýsköpun við Háskóla Íslands • Höfði Reykjavík Friðarsetur, samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands sem stendur fyrir “Snjallræði” samfélagslegum nýsköpunarhraðli.
Samfélagslegar nýsköpunarsmiðjur og hraðlar (Rata, 2022) þar á meðal samfélagsleg nýsköpun og frumkvöðlastarf	<ul style="list-style-type: none"> • AWE Iceland – Háskóli Íslands og Bandaríska sendiráðið (Academy for Women Entrepreneurs) • Gulleggið - Icelandic Startups • Hringiða - Icelandic Startups, Reykjavíkurborg, ANR, Klak, OR Terra, Sorpa etc. • Snjallræði: Samfélagshraðall - Höfði friðarsetur, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands. • Startup Westfjords (Hemill) - Blábankinn
Leiðbeinandi náms- og samskiptavettvangur	<ul style="list-style-type: none"> • Vaxandi – miðstöð um samfélagslega nýsköpun • Einurð samfélagsleg nýsköpun, menntun og inngilding • Almannaheill samtök þriðja geirans
Samstarfsnet samfélagsfyrirtækja sem vinna að hagsmunagæslu, samstarfi og	<ul style="list-style-type: none"> • Almannaheillasamtök þriðja geirans • EMES alþjóðlegt rannsóknarnet



gagnkvæmnir miðlun þekkingar og færniuppbyggingu.	<ul style="list-style-type: none"> • UNLEASH samstarfsnet ungs fólks sem vinnur að nýsköpun í tengslum við Heimsmarkmiðin.
Styrktaraðilar (fjárfestar eða samfélagssjóðir, góðgerðarfjárfestar eða sjóðir, hóp fjármögnunarvettvangar o.s.frv.) sem styðja við samfélagsfyrirtæki og verkefni	<ul style="list-style-type: none"> • Rannís rannsóknamiðstöð Íslands • Styrkir ráðuneyta á Íslandi • Karolina fund – hóp fjármögnun • European venture philanthropy association – EU styrkir til samfélagslegs frumkvöðlastarfs

1.3 Gloppur

Í opinbera geiranum?

Auka þarf umræðu og móta stefnu sem styður við samfélagslega nýsköpun

Skortir menntun um samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarf

Í þriðja geiranum?

Vantar fjármögnun í samfélagsleg nýsköpunarverkefni og frumkvöðlastarf

Skortir þjálfun og handleiðslu til samfélagsfrumkvöðla


Í menntun?


Takmarkaður skilningur á hlutverki samfélagslegrar nýsköpunar


Skortir þverfaglega þjálfun í samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlafræði fyrir nemendur, rannsakendur og fagaðila



1.4 Áskoranir

- 

Gagnvart háskólanemum (einkenni)
Skortir meðvitund um og skilning á samfélagslegri nýsköpun
Skortur á þverfaglegu námi í samfélagslegri nýsköpun (SN)
- 

Gagnvart fagaðilum í velferðarkerfinu
Skortur á endurmenntun og starfsþjálfun tengdri SN
Vantar samstarfsnet og samstarfsvettvang
- 

Gagnvart aðilum í velferðarþjónustu (opinberum, óhagnaðardrífnum og samfélagsdrífnum)?
Skortir nám og þjálfun til að styðja við samfélagslega nýsköpun
Vantar samstarfsnet og samstarfsvettvang



2. Dæmisaga um háskólanám – Námskeið um samfélagslega nýsköpun fyrir nemendur í félagsráðgjöf



DHD stelpurnar – hópur sem tók þátt í námskeiðinu 2021 og þróaði í framhaldinu hugmyndina síðan í vinnustofu í Litháen í maí 2022 og er nú búnað að stofna samfélagsfyrirtæki. Sjá forsiðu af barnabók um steltu með ADHD.

Lykilniðurstöður

- Samfélagsleg nýsköpun er lykilhæfni í félagsráðgjöf
- Samkennd og notenda drifin nálgun eru mikilvæg til að þróa lausnir á samfélagslegum áskorunum
- Sjálfþekking og tilgangur gegnir mikilvægu hlutverki í samfélagslegri nýsköpun, hægt að nýta Ikigai og persónulega styrkleika sem kennsluáðferð.
- Hönnunarhugsun sem aðferð í námi í samfélagslegri nýsköpun
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna notuð sem rammi fyrir samfélagslegar áskoranir og nýsköpun

2.1 Inngangur, áskoranir og forsaga

Samvinna og samfélagsleg nýsköpun í velferðargeiranum er skyldunámskeið sem kennt hefur verið fyrir 1. árs nemendur í félagsráðgjöf í Háskóla Íslands í þrjú ár. Námið er 4 ECTS einingar eða 100 klst nám, þar af 20 tímar í kennslustofum og 80 tímar í verkefnavinnu studdri af leiðbeinendum. Að jafnaði hafa um 120 nemendur tekið námskeiðið á hverju ári.

Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna (Heimsmarkmið) eru notuð sem viðmiðunarrammi við val á viðfangsefnum. Lögð er áhersla á teymisvinnu og að hópar vinni saman að þróun samfélagslegra nýsköpunarverkefna í velferðargeiranum. Kynningar, aðferðir og hugtök um samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarf eru kynnt og rædd og nemendur fá þjálfun í rýna og kortleggja eigin styrkleika og veikleika til að bæta færni sína í menntun og starfi. Persónuleg styrkleikagreining byggir á aðferðafræði úr jákvæðri sálfræði og Ikigai, japanskri nálgun til að skilgreina styrk og tilgang lífsins. Hönnunarhugsun (Design Thinking - DT) er nýtt sem aðferð við þarfagreiningu, skilgreiningu á áskorunum og þróun og prófun á nýstárlegum lausnum og leiðum til að takast á við samfélagslegar áskoranir í velferðarkerfinu. Lögð er áhersla á þátttöku notenda og valdeflingu við hönnun lausna. Þetta felur í sér að fara í gegnum öll stig hönnunarhugsunar þ.e.; samkennd, skilgreiningu vandamála/áskorana, hugmyndavinnu, setja fram og prófa frumgerðir að lausn.



Nemendur fá kynningu á og vinna með lagaumgjörð, fjármögnun og styrkir sem geta stutt við samfélagslegt frumkvöðlastarf hjá einkaaðilum, hinu opinbera og þriðja geiranum.

Hvaða áskorunum, vandamálum/markhópi tengist þetta dæmi?

Námskeiðið miðar að því að þjálfar nemendur í teymisvinnu og samfélagslegri nýsköpun sem tengist starfssviði félagsráðgjafa. Markmið námskeiðsins er auka færni nemenda til samfélagslegrar nýsköpunar innan velferðargeirans. Við val á samfélagslegum áskorunum og í lokaverkefninu byggja margir nemendur á eigin reynslu og setja fram nýstárlegar lausnir og nálganir á samfélagslegar og einstaklingsbundnar áskoranir samanber ADHD hópurinn 2021 (sjá mynd, fræðsluefni og barnabók) en hópur sem hélt áfram að þróa verkefnið eftir að námskeiðinu lauk, tók m.a. þátt í samfélagshraðlinum „Snjallræði“.


Hver ber ábyrgð (hagaðilar) og hverjum gagnast námskeiðið?

Námið er eitt af skyldunámskeiðum við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands í samstarfi við Vaxandi miðstöð um félagslega nýsköpun.

Mikilvægi fyrir velferðarkerfin á Íslandi

Námskeiðið er hið eina sinnar tegundar við Háskóla Íslands, hefðbundin nýsköpunarnámskeið eru í boði innan viðskipta-, menntunar- og verkfræðideildar. Það væri mikill ávinningur í því fólgin að skipuleggja þverfaglegt námskeið og samþætta samfélagslega nýsköpun við hefðbundið nýsköpunar- og frumkvöðlanám við Háskólann.

2.2 Hugmyndir að lausnum og leiðum



Heimild: Ikigai [Government of Japan](#) and Design thinking ([Nielsen Norman Group](#))

Steinunn Hrafnadóttir prófessor og Hervör Alma Árnadóttir dósent áttu frumkvæðið að námskeiðinu. Steinunn Hrafnadóttir hefur einnig umsjón með Vaxandi, miðstöð um samfélagslega nýsköpun og WELFARE verkefnið ásamt Stefaníu Kristinsdóttur, doktorsnema og verkefnastjóra, en markmið verkefnisins er að hanna þverfaglegt námskeið fyrir fagfólk og nemendur innan mismunandi deilda um samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarf í samstarfslöndunum. Markmiðið er bæði að efla samfélagslega nýsköpun og ná til ólíkra hagaðila og að efla þverfaglegt samstarf og samskipti nemenda við fagfólk í velferðargeiranum.





Námskeiðið mun innihalda myndbönd sem kynna fyrirmyndir um samfélagsleg nýsköpunarverkefni í þriðja, opinbera og einkageiranum um félagslega nýsköpun fyrir velferðarkerfið. Nemendur vinna saman í hópum að lokaverkefnum í samfélagslegri nýsköpun og skila inn kynningu og lokaskýrslu sem felur í sér, skilgreiningu á samfélagslegri áskorun, rökstuðningi um að um samfélagslega nýsköpun sé að ræða og hvernig hún tengist Heimsmarkmiðunum (Agenda 2030), skilgreina rekstrarform fyrir verkefnið, framkvæmdar-, fjárhags- og fjármögnunaráætlun. Lokaverkefnin bera almennt vott um mikinn metnað og sumir hópanna hafa haldið áfram að þróa verkefnið sitt eftir að námskeiðinu lauk. Námskeiðið hjálpaði nemendum einnig að skilgreina áhugasvið sín og tengja þau við félagsráðgjöf, starfs- og menntunarmöguleika í framtíðinni.

Námskeiðið verður notað í WELFARE verkefninu sem dæmi um háskólanám sem má laga að öðrum markhópum og fræðigreinum. Með því að virkja fagaðila í námskeiðinu mun það opna möguleika á samsköpun lausna fyrir mismunandi markhópa og notendur með stuðningi og aðkomu fagaðila á vettvangi og leiðbeinenda. Slíkt fyrirkomulag byggir um leið upp tengslanet félagsráðgjafa við hagaðila og skapar mögulega tækifæri til ráðningar og framtíðarstarfa við samfélagslega nýsköpun í velferðargeiranum.

2.3 Lokaorð – Lærdómur sem má nýta í þróun verkefnisins

Lærdómur og innblástur	Í þínu landi?
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Hönnunarhugsun og samfélagslegt nýsköpunarnám ▪ Ikigai, sjálfsþekking og sjálfstíltrú ▪ Aðferðafræði og kennsluefni ▪ Skilgreining á samfélagslegri nýsköpun, frumkvöðlastarf og samfélagsfyrirtæki ▪ Kynning á rekstrarformum, fjármögnun, styrkjum og stuðningi ▪ Hópvinna og hagnýt lokaverkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Hvaða námskeið eru í boði hérlandis? ▪ Hvaða aðferðir eru notaðar á þessum námskeiðum? ▪ Fyrirliggjandi rannsóknir og dæmi um samfélagslega nýsköpunarþjálfun. ▪ Helstu hagaðilar, fagfólk og hugsanlegir samstarfsaðilar um samfélagslegt nýsköpunarnám. ▪ Hvernig tengist samfélagslegt nýsköpunarnám velferðargeiranum á mínu svæði/heimalandi?



3. Dæmi úr opinbera geiranum – Tinna, tækifæri til betra lífs



Til vinstri: Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í Reykjavík undirrita samning um TINNU verkefnið.

Til hægri: Tinna kynningarefni. Allar myndir birtar með leyfi frá Tinnu verkefninu.

lykilniðurstöður

- Persónuleg tenging og eftirfylgni frá félagsráðgjafa þínum
- Einstaklingsmiðuð nálgun og valdefling
- Jafningjastuðningur og samfélagsþátttaka
- Aðlögun og afþreyingu fyrir börn
- Námskeið og verkefni fyrir foreldra
- Þverfaglegt samstarf við stofnanir og félög sem veitir tækifæri til valdeflingar og inngildingu

3.1 Inngangur, áskoranir og forsaga

TINNA er átaksverkefni fyrir unga einstæða foreldra sem vilja jákvæðar breytingar fyrir sig og börn sín. Verkefnið hófst sem tilraunaverkefni fyrir Breiðholti, einu borgarhverfa í Reykjavík og var síðan stækkað, verkefnið er staðsett í félagsmiðstöðinni í Gerðubergi í Breiðholti. Árið 2021 tóku alls 68 foreldrar með 131 börn þátt í verkefninu, þar af var 51 foreldri enn í verkefninu í lok árs.

Hvaða áskorunum, vandamálum/markhópi tengist þetta dæmi?

TINNA er samfélagslegt nýsköpunaráttak sem byggir á rannsóknum við Háskóla Íslands sem sýndu að börn foreldra sem búa við fátækt höfðu takmarkaðan aðgang að afþreyingu samanborið við önnur börn, sjá skýrslu [Jaðarsettra foreldra – velferð barna](#). Þessi börn eru sjálf líklegri til að verða jaðarsett og hafa færri tækifæri í tengslum við atvinnu og menntun.

Hver ber ábyrgð (hagaðilar) og hverjum gagnast verkefnið?

Átaksverkefnið er samstarfsverkefni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og mennta- og barnamálaráðuneytisins frá árinu 2020. Til að eiga rétt á þátttöku í verkefninu þarftu að vera á aldrinum 18-24 ára, búa í Reykjavík og hafa fengið fjárhagsaðstoð frá borginni, örorku- eða endurhæfingalífeyri. Grundvöllur þátttöku er að foreldrar hafi sjálfir áhuga og séu reiðubúnir til að skuldbinda til að vinna að jákvæðum breytingum í lífi sínu



og barna sinna. Ferlið hefst á því að félagsráðgjafi fyllir út umsókn sem síðan er afgreidd af stýrihópi, byggt einnig á niðurstöðum úr skimun (greining) og að fenginni umsögn frá félagsráðgjafa.

Mikilvægi fyrir velferðarkerfin á Íslandi

Verkefnið er frábært dæmi um þríliða samstarf skóla, ríkis og sveitarfélags sem byggir á nánu samstarfi við notendur (samfélagið).

3.2 Hugmyndir að lausnum og leiðum

TINNA verkefnið er gott dæmi um hvernig rannsóknir og greining á á notendahópum opinberrar velferðarþjónustu geta orðið uppspretta að samfélagslegrar nýsköpun hjá hinu opinbera og hvernig hægt er að yfirfæra lítið tilraunaverkefni í einu hverfi yfir á alla borgina og hugsanlega alls velferðarkerfisins í framtíðinni. Verkefnið sýnir einnig fram á mikilvægi þess að virkja ólíka hagaðila og tengja verkefnið við þau átakswerkefni og þjónustu sem er þegar til staðar.

Samfélagsleg nýsköpun í opinbera velferðarkerfi eru oft nátengd rannsóknum, samvinnu við háskóla og rannsóknastofnanir eða starfendarannsóknir fagfólks sem starfar innan kerfisins. Verkefnið undirstrikar mikilvægi endurskoðunar og stöðugra umbóta á félagslegum ferlum í velferðarkerfinu, umbóta sem byggja á áreiðanlegum gögnum og gagnreyndum aðferðum.

Hægt er að byggja á þessu dæmi til að valdefla félagsráðgjafa og tengdar starfsstéttir innan opinbera velferðarkerfisins til þess að leita leiða til að styðja betur við notendahópa, skilgreina tækifæri til rannsókna, þarfir, og í kjölfarið þróa og setja fram samfélagslegar nýsköpunarhugmyndir og úrræði fyrir notendur. Valdefling leiðir einnig til ábyrgðar og sjálfstílrúar og styður við aukna virkni og þátttöku í menntun og á vinnumarkaði.

Með hliðsjón af TINNU námskeiði geta þátttakendur gert æfingu til að finna markhóp sem þeir munu síðan skoða (samantekt) og þróa samkenndarkort fyrir. Það að vinna hagaðilagreiningu fyrir verkefnið getur jafnframt verið gagnlegt til að styðja við yfirfærslu- og miðlun þekkingar.



3.3 Lokaorð – Lærdómur sem má nýta í þróun verkefnisins

Lærdómur og innblástur	Í þínu landi?
<ul style="list-style-type: none">▪ Samvinna helstu hagaðila▪ Samþætting tiltækra þjónustu▪ Einstaklingsmiðuð nálgun▪ Notendadrifin samfélagsleg nýsköpun	<ul style="list-style-type: none">▪ Hverjir eru notendur í mínu tilfalli?▪ Hvað þurfa þeir og vilja?▪ Hvernig get ég náð til þeirra?▪ Fyrirliggjandi rannsóknir á markhópnum.▪ Hverjir eru helstu hagaðilar?▪ Hvaða úrræði get ég notað fyrir markhópinn minn?



4. Dæmi um óhagnaðardrifið samfélagsfyrirtæki – Okkar heimur



Til hægri: Viðurkenning frá SOS barnaþorpum, Willum Þór Jónsson heilbrigðisráðherra með Þórunni, Sigríði og Rögnu.
Til vinstri: "Foreldri mitt er á sjúkrahúsi", mynd af vefsíðu. Allar myndir birtar með leyfi frá Okkar heimur.

Lykilniðurstöður

- Lifuð reynsla og tilgangur sem hvati fyrir breytingar og samfélagslega nýsköpun.
- Vinna með helstu hagsmunaaðilum.
- teymi jafningja, fagfólks og hönnuða.
- Byggja á gagnreyndum aðferðum erlendis frá
- Vinna með bæði börnum og foreldrum með geðsjúkdóma
- Að nota internetið til að ná til markhópsins

4.1 Inngangur, áskoranir og forsaga

[Okkar heimur](#) styður við ungt fólk sem eiga foreldri sem glíma við geðrænar áskoranir og geðsjúkdóma. Sigríður sem átti frumkvæðið að verkefninu hafði sjálf upplifað það að fá engan stuðning sem barn en hún bjó með og studdi geðveika móður sína. Hún ákvað að gera eitthvað í málinu og upplifir sterkt tilgang sinn í lífinu í tengslum við verkefnið.

Sigríður byrjaði með verkefnið innan vébanda og með stuðningi Geðhjálp 2019 sem síðan leiddi til þess að stofnuð var sjálfseignarstofnun um verkefnið 2. febrúar 2022. Sigríður starfar með Þórunni Eddu, félagsráðgjafa en þær kynntust þegar Þórunn vann lokaritgerð sína í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands (2019) sem fólst í að taka viðtöl við börn foreldra með geðsjúkdóma til að rannsaka reynslu þeirra, viðfangsefni sem hún vann að bæði í og eftir að hafa lokið meistaranámi sínu. Það voru örlög okkar að vinna saman að þessu verkefni, segir Sigríður og er þeirrar skoðunar að fagmennska og lífsreynsla skiptir jafn miklu máli þegar verið er að þróa stuðning við markhópin (viðtal júní 2022).



Hver ber ábyrgð (hagaðilar) og hverjum gagnast verkefnið?

Rannsóknir hafa sýnt að eitt af hverjum fimm börnum í heiminum á foreldra með geðsjúkdóma og að þau séu 70% líklegri til að þróa með sér geðraskanir síðar á ævinni, fái þau enga aðstoð sem börn. Verkefnið byggir á rannsóknum og gagnreyndri nálgun sem þróuð var af „Our Time“ góðgerðarsamtökum í Bretlandi og felur í sér þjálfun, stuðning og vitundarvakningu gagnvart almenningi. Okkar heimur stendur fyrir fjölskyldusmiðjum, veita lykil hagaðilum stuðning, þjálfun og upplýsingaefni og eru að þróa jafningjastuðning fyrir ungt fólk. Vefsíðan þeirra er hönnuð fyrir markhópin, þar má finna jafningjamyndbönd, upplýsingaefni um tiltækan stuðning og ráðleggingar um hvað á að gera í krefjandi aðstæðum. Okkar heimur fór af stað í skólaverkefnið „Skólinn sem griðastaður“ í ágúst 2022 sem byggir á evrópsku samstarfi við aðila á Spáni og í Þýskalandi, með stuðningi „Our time“, markmið verkefnisins er að heimsækja og vinna með a.m.k. einum grunnskóla í hverju landi að því að innleiða, með þjálfun og stuðningi við starfsmenn, og meta áhrif verkefnisins. Nýlega fengu samstarfsaðilar Erasmus styrk til að fjölga skólum sem taka þátt í innleiðingunni.

Hver ber ábyrgð (hagaðilar) og hverjum gagnast verkefnið?

Okkar heimur vinnur með helstu hagaðilum á borð við Landspítalann, Reykjavíkurborg, Geðhjálp og Bergið headspace sem allir eiga sæti í stýrihópi verkefnisins. Hannað hefur verið upplýsingaefni sem dreift er til barna og ungmenna þeirra foreldra sem leggjast inn á sjúkrahús eða eru í endurhæfingu.

Mikilvægi fyrir velferðarkerfin í samstarfslöndunum

Okkar heimur er gott dæmi um hvernig lífsreynsla getur orðið hvati fyrir samfélagslegt frumkvöðlastarf auk þess að sýna hvernig má samþætta faglega þekkingu og þekkingu notenda í samfélagslegum nýsköpunarferli. Verkefnið er dæmi sem má nota til að auka þátttöku og frumkvæði notenda í samfélagslegri nýsköpun í velferðarkerfinu og í hönnun og þróun á fræðsluefni sem miðar að þörfum notenda í samstarfi við bæði notendur og fagfólk.

4.2 Hugmyndir að lausnum og leiðum

Okkar heimur verkefnið er gott dæmi um hvernig lífsreynsla, tilgangur og samkennd gefa tilefni til samfélagslegrar nýsköpunar auk þess að vera dæmi um óhagnaðardrifið samfélagsfyrirtæki sem stuðlar að samfélagslegri nýsköpun í velferðarkerfinu.

Dæmið undirstrikar einnig mikilvægi aðkomu notenda að hönnun á lausnum og nýjungum í velferðargeiranum, en sjónarhorn notenda er forsenda þess að skilja samfélagslegar áskoranir sem er grundvöllur þess að þróa hugmyndir og lausnir til að takast á við eða leysa þessar áskoranir. Aðferð hönnunarhugsunar sem leggur áherslu á sjónarhorn notenda og samkennd er aðferð sem má nýta í þjálfun í samfélagslegri nýsköpun tengdri velferðargeiranum, þar sem byggt er á samvinnu og samsköpun lausna með hópi notenda og fagfólks.



Okkar heimur er verkefni sem byggir á fyrirmynd og þekkingaryfirfærslu frá einu landi til annars, sem er undirbyggð með rannsóknum og aðkomu ólíkra hagaðila. Verkefnið undirstrikar mikilvægi þess að skoða og byggja á tiltækum úrræðum, lausnum og leiðum í þróun á “eigin” lausn á samfélagslegri áskorun eða vandamáli. Greining hagaðila og þátttaka þeirra er jafnframt lykilþáttur í framkvæmd slíkra verkefna innan velferðarkerfisins.

Með hliðsjón af Okkar heimur geta þátttakendur á námskeiðinu unnið æfingu sem felst í að taka viðtöl við notendur, unnið samantekt um þau úrræði sem eru til staðar (literature review) og síðan fyllt út samkenndarkort fyrir markhópinn. Það að vinna hagaðilagreiningu fyrir verkefnið getur jafnframt verið gagnlegt til að styðja við yfirfærslu- og miðlun þekkingar.

4.3 Lokaorð – Lærdómur sem má nýta í þróun verkefnisins

Lærdómur og innblástur	Í þínu landi?
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Hlutverk lífsreynslu og samkenndar í samfélagslegri nýsköpun ▪ Mikilvægi fagmennsku ▪ Hlutverk rannsókna í samfélagslegri nýsköpun ▪ Greining og yfirfærsla á viðurkenndum aðferðum ▪ Hlutverk notenda/jafningja, fagleg og skapandi nálgun. 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Hverjir eru notendur í mínu tilfalli? ▪ Hvað þurfa þeir og vilja? ▪ Hvernig get ég náð til þeirra? ▪ Fyrirliggjandi rannsóknir á markhópnum. ▪ Hverjir eru helstu hagaðilar? ▪ Hvaða dæmi og fyrirmyndir get ég stuðst við fyrir markhópinn minn?



5. Samantekt um niðurstöður rýnihóps

Hvert samstarfsland valdi 8-10 hagaðila (alls um 40 hagaðila) til að taka þátt í rýnihópum með 3 markmið í huga:

- 1) Að kanna áskoranir sem samfélagslegir frumkvöðlar af mismunandi bakgrunni standa frammi fyrir, sem lið í gloppugreiningu í hverju landi.
- 2) Að ræða og skilgreina þá færni og hæfni sem nemendur, kennarar, rannsakendur og fagaðilar tengdir velferðarkerfinu skortir er kemur að samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Með það markmið að skilgreina kennsluáferðir og námsefni og námskrá fyrir námskeiðið.
- 3) Að bera kennsl á hagaðila sem vilja taka þátt í samsköpun og/eða rýna námskrá/námskeið.

5.1 Gögn

- Framkvæmt þann: 30/09/2022
- Umræður rýnihóps í raunheimum í Háskóla Íslands.
- Alls 8 þátttakendur, þar af 4 kennarar og fræðimenn í félags- og menntavísindum, 4 fag- og rekstraraðilar tengdri samfélagslegri nýsköpun/frumkvöðlastarfsemi.

5.2 Megin niðurstöður

5.2.1 Fyrir hvað stendur samfélagsleg nýsköpun og frumkvöðlastarf

Þátttakendur voru sammála um að kjarninn í allri samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi væri samfélagslegt gildi og að samfélagsleg nýsköpun geti átt sér stað, allt frá samfélagshópum til stórfyrirtækja. Rætt var um að þrátt fyrir að samfélagslegt frumkvöðlastarf sé oftast tengt þriðja geiranum þá þurfi sjálfbær viðskiptamódel til að verkefni nái að festa sig í sessi. Því var einnig haldið fram að samfélagsleg nýsköpun væri oft að takast á við erfiðar og kerfisbundnar samfélagslegar áskoranir sem kallaði á samstarf á milli ólíkra geira og fagsviða. Slíkt samstarf er oft flókið, þar koma auk frumkvöðla að margir og ólíkir hag- og fjármögnunaraðilar (kaupendur) svo sem opinberar stofnanir, einkaaðilar og þriðji geirinn. Lykillinn að farsælum lausnum er að byggja á samstarfi við þá sem geta verða fyrir áhrifum af þeirri áskorun sem verið er að takast á við, þátttakendur voru



sammála um að samfélagsleg nýsköpun sé ekki eitthvað sem þú þróar á bak við skrifborð heldur er lykilatriði að sjá og upplifa áskorunina annað hvort sjálfur eða með augum þeirra sem standa frammi fyrir henni í sínu daglega lífi. Samfélagsleg nýsköpun er flóknasta nýsköpunin sem þú getur ráðist í, hún kallar á þátttöku, góða hlustun og seiglu.

5.2.2 Mælikvarðar á árangur

Samfélagsleg nýsköpun er rísandi stjarna í opinberri umræðu nýlega á meðan enginn þekkti hugtakið fyrir aðeins nokkrum árum síðan. Hún er oft nefnd í tengslum við Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróunar (SDG). Þó hennar sé hvergi getið í nýsköpunarstefnu ríkisins er hún nefnd í nýsköpunarstefnu borgarinnar sem og nýsköpunarstefnu Háskóla Íslands og er sérstök áhersla lögð á samfélagslega nýsköpun í kennara- og félagsráðgjafardeild. Nýr lagarammi fyrir félög til almannaheilla getur einnig stutt við samfélagslega nýsköpun til að hvetja til stuðnings almennings og fyrirtækja sem geta notað framlög til slíkra félaga til lækkunar á skattstofni. Samfélagsleg nýsköpun hefur einnig verið hluti af nokkrum nýsköpunarnámskeiðum eins og fyrir félagsráðgjafanema og stuttum þverfaglegum námskeiðum á borð við „Kveikjuna“ fyrir 3ja árs nema í grunnnámi í HÍ. Einnig eru á Íslandi starfandi aðilar á borð við Vaxandi sem hefur ásamt Almennaheill gert samkomulag við nýsköpunarráðuneytið um að að efla samfélagslega nýsköpun í þriðja geiranum.

5.2.3 Hindranir

Helsta áskorun samfélagslegra frumkvöðla er oftast „Við þurfum peninga“ til að geta þróað og sérstaklega viðhaldið velferðarlausnum. Þátttakendur voru sammála um að oft væri auðveldara að fá fjármagn til að hefja rekstur en til að stuðla að innleiðingu á viðkomandi lausnum til framtíðar innan velferðarkerfisins. Sjóðir eru yfirleitt eingöngu til nýsköpunar, Skin og hafa þegar fengið styrki og þurfa fjármagn til að reka til framtíðar. Við þurfum sjálfbæra fjármögnun fyrir samfélagslegar nýjungar í velferðarþjónustu, skilgreiningu á fjármagni sem er varið til að kaupa samfélagslega nýsköpun sem verður til utan opinbera kerfisins en er hluti af velferðarþjónustu, í dag er fjármögnun af þessu tagi oft í gegnum þjónustusamninga við ríki/sveitarfélög, fjáröflun og sjálfboðaliðastarf.

5.3 Færni og hæfni sem er nauðsynleg í samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi

Það er mikilvægt að átta sig á því að þú getur ekki gert allt sjálf(ur) og hafa seiglu til að gefast ekki upp og hafa skýra sýn á hverju þú vilt ná fram. Þú verður að ganga úr skugga um að þú sért að leysa vandamál sem er í raun vandamál fyrir einhvern (grasrótarnálgun), ekki verða of hrifin af lausn sem getur kannski ekki virkað. Þú verður að vera að vinna að einhverju sem skiptir máli og skiptir máli fyrir einhvern, rannsakendur og háskólasamfélagið geta hjálpað til við að veita hlutlæga nálgun með þarfagreiningu sem síðan er hægt að nota til að kynna lausnir eða sækja fjármögnun til hagaðila og ráðamanna. Maður þarf að hafa til að bera auðmýkt, samkennd og stór eyru (virk hlustun) á sama tíma og nota skapandi hugsun. Maður þarf að vera hlutlægur og gagnrýninn og nota greinandi hugsun líka, ekki að vera skilgreindur eða takmarkaður af núverandi kerfum samhliða því að reyna að skilja hvernig þú getur samþætt lausnir þínar inn í kerfin og með því skapað samfélagslegt gildi. Þátttakendur lögðu áherslu á samstarf notenda, fagaðila og framkvæmdaraðila í samfélagslegu nýsköpunarferli. Að vera góður talsmaður (lobbying) er mikilvægt, til að geta talað rétta tungumálið við rétta fólkið, samræmt



skoðunum og starfsvettvang til að byggja upp tengsla og stuðningsnet um samfélagslega nýsköpunarhugmynd eða félag/fyrirtæki.

5.3 Lokaorð

Allir þátttakendur í rýnihópum lögðu áherslu á mikilvægi sjónarhorns/upplifunar notenda, þörfina fyrir kerfis- og gagnrýna hugsun bæði við að leita að samþættingar tækifærum við núverandi kerfi en einnig í fjármögnun á bæði stofnkostnaði og af framtíðar rekstri og innleiðingu á „gagnreyndri“ velferðarlausn. Það var líka oft nefnt að samfélagslegir frumkvöðlar og sjálfboðaliðar séu ekki metnir að verðleikum, að það þurfi að meta gildi vinnunnar og framlags þeirra í krónum til að fólk skilji að sjálfboðaliðar geta verið takmörkuð auðlind í velferðarkerfinu, sumir fara í kulnun og sum verkefni sem ættu að vera styrkt af velferðarkerfinu ekki einstaklingum eða félögum ná ekki fótfestu, fólk þarf sífellt að sækja um verkefnastyrk til sömu þjónustunnar sem er þreytandi og ósjálfbært. Á meðan er stórum fjárhæðum varið í hátækni- og viðskiptamiðaðar lausnir á meðan meiri áhersla mætti vera á samfélagslegt gildi. Allir þátttakendur voru sammála um að samstarf þvert á geira og þverfaglegt samstarf sé lykilatriði í að efla samfélagslega nýsköpun.



6. Heimildaskrá

Bekkers, V.J.J.M, Edelenbos, J., Nederhand, J., Steijn, B., Tummers, L. & Voorberg, W. (2014). The social innovation perspective in the public sector: Co-creation, self-organization and meta-governance. Edelenbos, J., Bekkers, V. & Steijn, b. (editors). *Innovation in the public sector: linking capacity and leadership. Second revised edition.*

https://www.researchgate.net/publication/281835999_The_Social_Innovation_Perspective_in_the_Public_Sector_Co-Creation_Self-Organization_and_Meta-Governance

Borgarblöð (newspaper). (29.02.2020) “Tinna í öll borgarhverfi”
<https://borgarblod.is/2020/02/29/tinna-i-oll-borgarhverfi/>

European Commission. (2016). *EU programme for Employment and Social innovation (EaSI)*.
<https://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=1081>

European Commission. (2013). *Guide to Social innovation. EU - regional and urban policy*. Luxembourg: EC https://ec.europa.eu/regional_policy/newsroom/detail.cfm?id=597

European Commission. (2015). *The social business initiative of the European Commission*. Luxembourg: EU. file:///C:/Users/stefa/Downloads/sbi-brochure-web_en.pdf

European Commission. (2020). *Social enterprises and their ecosystems in Europe, comparative synthesis report*. Authors: Carlo Borzaga, Giulia Galera, Barbara Franchini, Stefania Chiomento, Rocío Nogales and Chiara Carini. Luxembourg: European Commission.
<https://europa.eu/!Qq64ny>

European Commission. (2017). *Social Innovation as a Trigger for Transformation – The Role of Research*. <https://op.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/a7b4de0a-1070-11e8-9253-01aa75ed71a1/language-en>

European Commission & OECD. (2018). *The better entrepreneurship policy tool, improve your inclusive or social entrepreneurship policies*. <https://betterentrepreneurship.eu/>

European Union. (2020). *Social innovation: inspirational practices supporting people throughout their lives*. <https://www.euskadi.eus/dokumentazioa/2021/social-innovation-inspirational-practices-supporting-people-throughout-their-lives-european-union-2020/web01-sedeeep/eu/>

Fougère, M., Segercrantz, B. & Seeck, H. (2017). *A critical reading of the European Union's social innovation policy discourse: (Re)legitimizing neoliberalism*. *Organization* Vol 24(6) 819-843.
<https://doi.org/10.1177/1350508416685171>



Huglgård, L. & Ferreira, S. (2019). *Social innovation and public policy*. Social innovation Atlas. https://www.socialinnovationatlas.net/fileadmin/PDF/volume-2/01_SI-Landscape_Global_Trends/01_04_SI-and-Public-Policy_Hulgard-Ferreira.pdf

Karlsdóttir, E. & Sigurðardóttir, E.B.. (2015). “Marginalized parents” . University of Iceland. www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/velferdarvakt09/ritrod-viii-rbf-jadarstada-foreldra.pdf

Social innovation for Youth (SE4Y). (2022). <https://socialentrepreneurshipforyouth.com/>

Soule, S.A., Malhotra, N. & Clavier, B. (2021). *Defining Social Innovation* . Stanford Graduate School of Business. <https://www.gsb.stanford.edu/experience/about/centers-institutes/csi/defining-social-innovation>

Syed, F., Shah, S.H., Waseem, Z. & Tariq, Adeel. (2021). *Design Thinking for Social innovation: A Systematic literature review & Future research direction*. Proceedings of 1st International Conference on Business, Management & Social Science (ICBMASS) 2021. https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=3916835

UNAI – United National Academic Impact. (2022). *Fostering Innovation and Creativity for Social Change*. Sameinuðu þjóðirnar. <https://www.un.org/pt/node/134336>

UNICEF. (2018). *Social innovation curriculum*. <https://www.unicef.org/innovation/media/12751/file>

Iceland

Almannaheill. (2021). <https://almannaheill.is/>

Guðmundsdóttir, E. (2021). *13. útgáfa – nýsköpun á jaðrinum*. Vía. <https://via.is/utgafur/13-utgafa-nyskopun-a-jadrinum/>

Kristmundsson, Ó.H. & Hrafnadóttir, S. (2019). *Social Enterprises and their Eco system in Europe: Country Fiche Iceland*. Publications Office of the European Union. <https://vaxandi.hi.is/file/social-enterprises-and-their-eco-system-in-europe-country-fiche-iceland/>

Rata. (2022). <https://www.rata.is/hralar>

RSK-Ríkisskattstjóri. (2021, November). *Skatturinn* . Retrieved from Félög til almannaheilla : <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/felagasamtok-og-onnur-felog/almannaheillafelog/>



Samtök iðnaðarins. (2019). *Nýsköpun – virkjum tækifærin, Nýsköpunarstefna Samtaka iðnaðarins*. https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Nyskopunarstefna-SI_utgafa.pdf

Sigríður Gísladóttir, managing director of Okkar heimur - interview. (June 2022).
Interviewer, Stefanía G. Kristinsdóttir.

Social entrepreneurship for youth (SE4Y). (2021). <http://socialentrepreneurshipforyouth.com/>

Stjórnarráð Íslands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2019). *Nýsköpunarlandið Ísland*.
Stjórnarráðið. [NSLI1.pdf \(stjornarradid.is\)](https://www.stjornarradid.is/NSLI1.pdf)

Stjórnarráð Íslands fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2022). *Opinber nýsköpun*. Stjórnarráðið.
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/verkstur-og-eignir-rikisins/opinber-nyskopun/>

Vaxandi – Miðstöð um samfélagslega nýsköpun. (2021). <https://vaxandi.hi.is/>

Þuríður Sigurðardóttir, project manager (13.06.2022). Interviewer Stefanía G. Kristinsdóttir.

Þuríður Sigurðardóttir. (2021). Annual report TINNA.

Frekari upplýsingar má finna á www.welfareproject.eu

